# Borgarbyggð

# Ársreikningur 2010

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 Borgarnes

Kt. 510694-2289

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Borgarbyggðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 2.363,2 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 2.266,5 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,28% en lögbundið hámark var það sama. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,35% en lögbundið hámark er 0,5% auk heimildar sveitarstjórnar til að hækka álagningarhlutfallið um allt að 25%. Í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,4% en lögbundið hámark þess er 1,32%, auk heimildar sveitarstjórnar til að hækka álagningarhlutfallið um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 113,6 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 108,3 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2010 nam 1.141,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 1.181,3 millj. kr.

Í mars og apríl 2010 gaf Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga út tvö álit, álit 1/2010 *Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga* og álit 2/2010 *Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga*. Reglur þessar taka gildi og skal þeim beitt við reikningsskil sveitarfélaga fyrir árið 2010. Viðeigandi færslur skulu gerðar í ársbyrjun 2010. Nánari grein er gerð fyrir þessum breytingum í skýringum með ársreikningi. Álit 1/2010 hefur ekki áhrif á ársreikninginn en álit 2/2010 leiðir til hækkunar á bókfærðu eigin fé A hluta um 751,9 millj. kr. og sömu áhrif eru á eigið fé A og B hluta. Innleiðingin hefur ekki áhrif á rekstrarreikning 2010.

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2010 er gefinn út hinn 28. apríl 2011 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn í samræmi við ákvæði í 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Borgarnesi, 28. apríl 2011.

Sveitarstjóri:

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2010 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 72. gr. sveitarstjórnarlaga og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Borgarnesi, 12.05. 2011.

Sveitarstjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til sveitarstjórnar Borgarbyggðar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Borgarbyggðar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreiknings séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar**

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 28. apríl 2011.

***KPMG ehf.***

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Borgarbyggðar, höfum yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2010. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Borgarnesi, 28. apríl 2011.

# Rekstrarreikningur ársins 2010

| | | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Skýr.** | **Ársreikningur 2010** | **Áætlun 2010** | **Ársreikningur 2009** | **Ársreikningur 2010** | **Áætlun 2010** | **Ársreikningur 2009** |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | |
| Útsvar og fasteignaskattar ............ | 5 | 1.176.756 | 1.181.824 | 1.239.473 | 1.173.194 | 1.178.078 | 1.239.473 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs ................. | 5 | 534.270 | 522.994 | 505.108 | 534.270 | 522.994 | 505.108 |
| Aðrar tekjur .................................. | 5 | 555.494 | 477.312 | 538.858 | 655.775 | 566.074 | 647.496 |
| | | 2.266.520 | 2.182.130 | 2.283.439 | 2.363.239 | 2.267.146 | 2.392.077 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ............. | 6 | 1.118.480 | 1.105.921 | 1.162.946 | 1.119.613 | 1.106.739 | 1.163.597 |
| Annar rekstrarkostnaður ............... | 7 | 853.289 | 782.433 | 953.642 | 915.645 | 882.395 | 1.017.952 |
| Afskriftir ....................................... | 10 | 97.574 | 93.120 | 92.668 | 105.298 | 100.816 | 101.058 |
| | | 2.069.343 | 1.981.474 | 2.209.256 | 2.140.556 | 2.089.950 | 2.282.607 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda ........... | | 197.177 | 200.656 | 74.183 | 222.683 | 177.196 | 109.470 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ......................................... | 8 | ( 88.916 ) | ( 117.793 ) | ( 243.975 ) | ( 109.091 ) | ( 132.416 ) | ( 268.822 ) |
| **Rekstrarniðurstaða** ...................... | 15 | 108.261 | 82.863 | ( 169.792 ) | 113.592 | 44.780 | ( 159.352 ) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | A hluti 2010 | A hluti 2009 | A og B hluti 2010 | A og B hluti 2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir | 10 | 2.222.243 | 1.521.545 | 3.437.882 | 1.664.533 |
| Veitukerfi og gatnamannvirki | 10 | 232.783 | 231.775 | 232.783 | 231.775 |
| Aðrar eignir | 10 | 355.867 | 400.617 | 372.505 | 419.659 |
| | | 2.810.893 | 2.153.937 | 4.043.170 | 2.315.968 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 11 | 1.011.384 | 1.004.167 | 1.012.242 | 1.005.025 |
| Langtímakröfur | 12 | 2.829 | 3.553 | 2.829 | 3.553 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | 13 | 8.656 | 12.970 | 0 | 0 |
| | | 1.022.870 | 1.020.689 | 1.015.070 | 1.008.577 |
| Fastafjármunir | | 3.833.763 | 3.174.627 | 5.058.241 | 3.324.545 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Skammtímakröfur: | | | | | |
| Óinnheimtar skatttekjur | 14 | 107.766 | 104.062 | 107.766 | 104.062 |
| Næsta árs afb. langtímakrafna á eigin fyrirtæki | 13 | 4.652 | 4.392 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir annarra langtímakrafna | 12 | 559 | 13.191 | 559 | 13.191 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 108.381 | 19.053 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 14 | 133.226 | 123.983 | 146.885 | 124.871 |
| Skammtímaverðbréf | | 14.841 | 13.198 | 14.841 | 13.198 |
| Handbært fé | 4i | 50.941 | 10.188 | 50.941 | 10.188 |
| Veltufjármunir | | 420.366 | 288.067 | 320.992 | 265.509 |
| **Eignir samtals** | | 4.254.129 | 3.462.694 | 5.379.233 | 3.590.054 |

Eignir utan efnahagsreiknings .......................................... 4j

# 31. desember 2010

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | A hluti 2010 | A hluti 2009 | A og B hluti 2010 | A og B hluti 2009 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eiginfjárreikningur | 15 | 1.181.265 | 321.128 | 1.141.214 | 275.745 |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 16 | 504.710 | 482.103 | 504.710 | 482.103 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 17 | 2.061.298 | 2.114.925 | 3.230.152 | 2.312.136 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 66.275 | 0 | 66.275 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 17 | 207.951 | 210.532 | 236.182 | 216.419 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 36.380 | 31.185 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 262.524 | 236.547 | 266.975 | 237.376 |
| | | 506.855 | 544.538 | 503.157 | 520.070 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 3.072.863 | 3.141.566 | 4.238.019 | 3.314.309 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 4.254.129 | 3.462.694 | 5.379.233 | 3.590.054 |

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings ............................ 19

# Sjóðstreymisyfirlit 2010

| | Skýr. | A hluti Ársreikningur 2010 | A hluti Áætlun 2010 | A hluti Ársreikningur 2009 | A og B hluti Ársreikningur 2010 | A og B hluti Áætlun 2010 | A og B hluti Ársreikningur 2009 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða........................ | 15 | 108.261 | 82.863 | ( 169.792 ) | 113.592 | 44.780 | ( 159.352 ) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | |
| Afskriftir .................................... | 10 | 97.574 | 93.120 | 92.668 | 105.298 | 100.816 | 101.058 |
| Verðbætur og gengismunur ........ | | 26.427 | 17.886 | 141.305 | 32.030 | 24.448 | 160.178 |
| Niðurfærsla hlutabréfa ............... | | 0 | 0 | ( 47.300 ) | | | ( 47.300 ) |
| Hagnaður af sölu fastafjármuna .. | | ( 2.045 ) | 0 | ( 3.203 ) | ( 9.097 ) | ( 4.500 ) | ( 29.437 ) |
| Hækkun á lífeyrisskuldbindingu .. | 16 | 30.940 | 28.800 | 21.461 | 30.940 | 28.800 | 21.461 |
| Veltufé frá rekstri | | 261.157 | 222.669 | 35.139 | 272.763 | 194.344 | 46.608 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | | |
| Óinnheimtar skatttekjur, (hækkun) ................ | | ( 3.704 ) | 0 | ( 10.828 ) | ( 3.704 ) | 0 | ( 10.828 ) |
| Aðrar skammtímakröfur, lækkun | | ( 9.243 ) | 0 | 30.329 | ( 22.014 ) | 0 | 30.401 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) ....... | | 25.976 | 500 | ( 63.164 ) | 29.599 | 500 | ( 64.799 ) |
| Greitt vegna lífeyrissk.bindingar .. | 16 | ( 8.333 ) | ( 8.000 ) | ( 8.633 ) | ( 8.333 ) | ( 8.000 ) | ( 8.633 ) |
| Samtals | | 4.697 | ( 7.500 ) | ( 52.296 ) | ( 4.452 ) | ( 7.500 ) | ( 53.859 ) |
| Handbært fé frá rekstri | | 265.854 | 215.169 | ( 17.157 ) | 268.311 | 186.844 | ( 7.251 ) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ................................ | 10 | ( 11.510 ) | ( 18.530 ) | ( 76.515 ) | (1.096.928 ) | (1.085.288 ) | ( 76.515 ) |
| Söluverð rekstrarfjármuna............. | | 10.900 | 0 | 16.377 | 25.400 | 20.000 | 76.377 |
| Eignarhlutur í félögum, breyting..... | | ( 7.217 ) | ( 5.000 ) | ( 7.365 ) | ( 7.217 ) | ( 5.000 ) | ( 7.365 ) |
| Skammtímaverðbréf, breyting........ | | ( 1.642 ) | 0 | ( 1.676 ) | ( 1.642 ) | 0 | ( 1.676 ) |
| Langtímakröfur, breyting............... | | 13.327 | 13.099 | 12.054 | 13.327 | 13.099 | 12.054 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting..................................... | | 4.497 | 3.526 | 4.181 | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 8.355 | ( 6.905 ) | ( 52.944 ) | (1.067.060 ) | (1.057.189 ) | 2.875 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Tekin ný langtímalán ..................... | 17 | 127.000 | 132.000 | 198.000 | 1.135.728 | 1.198.758 | 198.000 |
| Afborganir langtímalána ................ | 17 | ( 210.048 ) | ( 220.023 ) | ( 204.539 ) | ( 229.950 ) | ( 247.526 ) | ( 258.939 ) |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting...................................... | | ( 84.133 ) | ( 39.354 ) | 11.325 | 0 | 0 | 0 |
| Skammtímalán, breyting................ | | ( 66.275 ) | 0 | 22.013 | ( 66.275 ) | 0 | 22.013 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 233.456 ) | ( 127.377 ) | 26.800 | 839.503 | 951.232 | ( 38.926 ) |
| **Hækkun, (lækkun) á handbæru fé** | | 40.753 | 80.887 | ( 43.301 ) | 40.753 | 80.887 | ( 43.301 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** ............... | | 10.188 | 10.187 | 53.489 | 10.188 | 10.187 | 53.489 |
| **Handbært fé í árslok** .................... | | 50.941 | 91.074 | 10.188 | 50.941 | 91.074 | 10.188 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Borgarbyggð er sveitarfélag á Vesturlandi og voru íbúar 3.484 þann 1. desember 2010. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Borgarbraut 14 í Borgarnesi.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2010 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Menningarsjóð Borgarbyggðar. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir, Sorphirða og Fjallskilasjóðir, Hjúkrunarheimili DAB og Hjálmaklettur.

Á árinu 2010 bættust tvö fyrirtæki við B hluta sveitarfélagsins. Annars vegar Hjúkrunarheimili DAB sem stendur að uppbyggingu og rekstri á fasteign fyrir hjúkrunarheimili aldraðra í Borgarnesi og hins vegar Hjálmaklettur sem á og rekur fasteign fyrir mennta- og menningarstarfsemi í Borgarfirði og hýsir meðal annars starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar.
Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitastjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að því undanskildu sem fram kemur í skýringu 3.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Á árinu breytti sveitarfélagið reikningsskilaaðferðum sínum á eftirfarandi hátt:

### a. Færsla á lóðum og lendum

Sveitarfélagið innleiddi á árinu álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga 2/2010 *Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.* Innleiðing álitsins fól í sér breytingu á reikningsskilaðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru nú endurmetnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning. Innleiðing reikningskilaaðferðarinnar miðaðist við þann 1. janúar 2010 og eru lóðir og lendur sveitarfélagsins endurmetnar til gangvirðis miðað við þann dag. Vegna þessa hækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 751,9 millj. kr. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar felur ekki í sér afturvirka leiðréttingu á reikningsskilum sveitarfélagsins.

# Skýringar, frh.:

## 3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum, frh.

### b. Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja

Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga gaf einnig út á árinu álit 1/2010 *Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.* Álitið felur í sér breytta meðferð leigusamninga í reikningsskilum sveitarfélaga frá ársbyrjun 2010. Samkvæmt álitinu ber sveitarfélögum að færa til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna fasteignir og önnur mannvirki sem það hefur leigt til sín samkvæmt leigusamningum til lengri tíma en þriggja ára og skuldbindingu vegna þeirra sem skuld í efnahagsreikningi.

Í ársbyrjun 2010 var í gildi einn leigusamningur sem fellur undir álitið. Samningurinn var um leigu á mennta- og menningarhúsnæðinu við Borgarbraut. Á árinu keypti sveitarfélagið þessar eignir og færast þær til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna í B hluta sveitarfélagsins.

## 4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum, sem settar eru fram hér á eftir, hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. d lið.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknaður sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádregnum tekjum er tengjast viðkomandi verkefni.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er færð á eiginfjárreikning.

## 4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir,........................................ | 25-40 ár |
| Umferðarmannvirki og veitur........................................ | 25 ár |
| Aðrar eignir........................................ | 6-15 ár |

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

### f. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðkomandi málaflokks.

### g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

### h. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### i. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### j. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### k. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar miðað við árslok 2009 og byggir á mati stjórnenda á breytingum til ársloka 2010. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 16.

### l. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### m. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 19.

### n. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2010 er hluti ársreikningsins og er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum.

# Skýringar, frh.:

## 5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | **Ársreikningur 2010** | **Áætlun 2010** | **Ársreikningur 2010** | **Áætlun 2010** |
| **Útsvar og fasteignaskattur:** | | | | |
| Útsvar ................................................ | 920.105 | 928.479 | 920.105 | 928.479 |
| Fasteignaskattur ................................. | 219.136 | 215.830 | 215.574 | 212.084 |
| Lóðarleiga .......................................... | 37.515 | 37.515 | 37.515 | 37.515 |
| | 1.176.756 | 1.181.824 | 1.173.194 | 1.178.078 |
| **Framlög Jöfnunarsjóðs:** | | | | |
| Framlag vegna fasteignaskatts ............ | 78.138 | 78.138 | 78.138 | 78.138 |
| Framlag vegna útgjaldajöfnunar........... | 193.366 | 193.919 | 193.366 | 193.919 |
| Framlög vegna grunnskóla ................. | 156.309 | 147.616 | 156.309 | 147.616 |
| Framlög vegna sameiningar................. | 44.808 | 44.827 | 44.808 | 44.827 |
| Önnur framlög .................................... | 61.649 | 58.494 | 61.649 | 58.494 |
| | 534.270 | 522.994 | 534.270 | 522.994 |
| Skatttekjur samtals.............................. | 1.711.026 | 1.704.818 | 1.707.464 | 1.701.072 |
| **Aðrar tekjur:** | | | | |
| Þjónustutekjur .................................... | 293.270 | 288.027 | 365.391 | 350.649 |
| Eignatekjur ......................................... | 88.063 | 45.793 | 112.151 | 70.558 |
| Vörur og þjónusta til eigin nota ........... | 3.600 | 3.600 | 0 | 0 |
| Endurgreiðslur .................................... | 141.563 | 120.585 | 141.978 | 120.620 |
| Aðrar tekjur ......................................... | 28.998 | 19.307 | 36.255 | 24.247 |
| | 555.494 | 477.312 | 655.775 | 566.074 |
| Rekstrartekjur samtals ........................ | 2.266.520 | 2.182.130 | 2.363.239 | 2.267.146 |

## 6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Laun .................................................. | 861.113 | 846.989 | 862.061 | 847.721 |
| Launatengd gjöld ................................ | 218.092 | 213.960 | 218.277 | 214.045 |
| Annar starfsmannakostnaður................ | 8.335 | 16.172 | 8.335 | 16.173 |
| | 1.087.540 | 1.077.121 | 1.088.673 | 1.077.939 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting.............. | 30.940 | 28.800 | 30.940 | 28.800 |
| Laun og launatengd gjöld samtals........ | 1.118.480 | 1.105.921 | 1.119.613 | 1.106.739 |

Í árslok 2010 störfuðu 250 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 203 stöðugildum.

Laun sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 17,8 millj. kr. á árinu 2010.

## 7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Vöru- og þjónustukaup ........................ | 579.651 | 462.529 | 641.745 | 528.994 |
| Skattar og önnur opinber gjöld ............ | 782 | 780 | 783 | 34.280 |
| Styrkir, framlög og annar kostnaður...... | 272.856 | 319.124 | 273.117 | 319.121 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals.......... | 853.289 | 782.433 | 915.645 | 882.395 |

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2010 | Áætlun 2010 | Ársreikningur 2010 | Áætlun 2010 |
| Vaxtatekjur og verðbætur .................... | 44.912 | 27.516 | 44.924 | 27.516 |
| Arður af eignarhlutum .......................... | 5.266 | 3.000 | 5.266 | 3.000 |
| Vaxtagjöld og verðbætur ...................... | ( 155.420 ) | ( 180.847 ) | ( 175.358 ) | ( 195.155 ) |
| Vextir frá eigin fyrirtækjum .................. | 249 | 315 | 0 | 0 |
| Gengismunur ...................................... | 16.077 | 32.223 | 16.077 | 32.223 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .... | ( 88.916 ) | ( 117.793 ) | ( 109.091 ) | ( 132.416 ) |

## 9. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Ársreikningur 2010 | | | Áætlun 2010 |
|---|---|---|---|---|
| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Nettó |
| **Aðalsjóður:** | | | | |
| Skatttekjur .......................................... | 0 | 1.752.534 | 1.752.534 | 1.749.489 |
| Félagsþjónusta .................................. | 154.931 | 41.910 | ( 113.020 ) | ( 112.634 ) |
| Fræðslu- og uppeldismál .................... | 1.277.575 | 208.085 | ( 1.069.490 ) | ( 1.109.907 ) |
| Menningarmál ................................... | 77.773 | 13.805 | ( 63.969 ) | ( 64.362 ) |
| Æskulýðs- og íþróttamál ..................... | 272.490 | 70.873 | ( 201.617 ) | ( 183.803 ) |
| Brunamál og almannavarnir ................ | 30.960 | 9.058 | ( 21.901 ) | ( 23.916 ) |
| Hreinlætismál .................................... | 13.371 | 12.988 | ( 383 ) | ( 1.922 ) |
| Skipulags- og byggingarmál ................ | 61.297 | 13.234 | ( 48.063 ) | ( 36.861 ) |
